

## Fimmtugasti og þriðji fundur stjórnar Fræðslusjóðs

26. apríl 2016 kl. 10.30-11.30

í Skipholti 50 b, III. hæð

**Mætt:** Guðrún Ragnarsdóttir formaður, Halldór Grönvold, Fjóla Jónsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, Björg Baldursdóttir mætti í fjarveru Jóns Fannars Kolbeinsson, Birna Ólafsdóttir mættir í fjarveru Garðars Hilmarssonar, Guðrún Eyjólfsdóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir mætti ekki. Sólveig B. Gunnarsdóttir kom undir lið 2.

### Dagskrá

1. **Fundargerð síðasta fundar.** Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. **Uppgjör ársins 2015 – náms- og starfsráðgjöf.**

Formaður ræddi við fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins um stöðu mála. Fram kom að kröfu sem þessa er ekki hægt að fella niður, en innan framhaldsskólans séu fordæmi að lausn á svipuðum málum þ.e. að skólar taki inn fleiri nemendur til að vinna á móti kröfu, sem hefur myndast. Þessi lausn gæti gagnast í framhaldsfræðslunni þ.e. að fræðsluaðilar taki fleiri viðtöl á næsta ári til að mæta kröfunni.

#### a. Umskólun – sjá í fundargögnum

Verði samþykkt að fara þá leið að samþykkja dæmin (sjá fundargögn) er verið að útvíkka skilgreininguna á markhópnum í ósamræmi við lögin um framhaldsfræðslu. Fjármagnið er takmarkað og hingað til hefur verið litið svo á að einstaklingar með stúdentspróf þarfnist ekki umskólunar enda falla þeir ekki undir skilgreiningu markhóps framhaldsfræðslunnar. Stúdentspróf veitir áfram rétt til inngangs í háskóla og heldur því gildi sínu ólíkt mörgu starfs- eða iðnnámi sem hefur úrelts.

Gagnvart erlendu vinnuafla hefur verið litið svo á að þeir sem starfa í ófaglærðum störfum hafi ekki fengið hæfni sína metna (þótt þeir séu með próf frá framhaldsskóla eða háskóla frá sínu heimalandi) og falli því innan markhópsins.

Stjórnarmenn sammæltust um að skilgreina þörfina fyrir umskólun þröngt og út frá því að námið sjálft hafi úrelst. Hafnað var þeirri túlkun sem kemur fram í dæmum í fundargögnum. Í endurskoðun skilmála verði þessi mál útskýrð betur ásamt því að taka betur á málefnum erlenda starfsfólksins.

- b. **80/20% reglan.** Uppgjör samkvæmt 80/20% reglunni verði látið standa, enda skýrt í skilmálum.
- c. **Hærra menntunarstig – lægri verðflokkur.** Uppgjörið verði látið standa enda skýrt í verðlagningu ráðgjafarinnar.
- d. **Fyrsta viðtal/endurkomur.** Fræðsluaðilar fái tækifæri til að lækka kröfu Fræðslusjóðs með því að taka viðbótarviðtöl á árinu 2016 af úthlutun 2015 og eftirstöðvar 2015 gerðar upp með ársuppgjöri 2016.



3. **Ákvörðun um næstu skref.** Samþykkt að formaður ásamt framkvæmdastjóra eigi samtöl við þá tíu fræðsluaðila sem eru í skuld við Fræðslusjóð, hvern í sínu lagi, um uppgjörið og í hvaða farveg mál verði sett ásamt ákvörðun um hvað sé raunhæft fyrir fræðsluaðila að vinna upp í kröfuna. Gengið verði frá þessum málum með hverjum og einum, enda geti komið fram skýringar í samtölunum.

Jafnframt sendi formaður bréf til mennta- og menningarmálaráðuneytis og afrit til ríkisendurskoðunar um að við innri endurskoðun hafi komið í ljós að skráning á ráðgjöf í sameiginlegan gagnagrunn sjóðsins sé ekki í samræmi við það sem kveðið er á um í gildandi skilmálum og verðskrá, sem Fræðslusjóður hefur gefið út. Eftir standa útstandandi kröfur á ákveðna fræðsluaðila. Eftir að hafa farið yfir málið og réttarstöðu Fræðslusjóðs með lögfræðingum liggur fyrir að óheimilt er að fella niður framangreindar kröfur á hendur fræðsluaðilum. Fræðslusjóður hefur því ákveðið að bjóða þeim fræðsluaðilum sem í hlut eiga tækifæri til að veita viðbótarviðtöl árið 2016 hvað varðar náms- og starfsráðgjöf og verður mismunurinn því ekki gerður upp endanlega fyrir en með uppgjöri vegna 2016. Óskað er eftir afstöðu ráðuneytisins til þess að kröfurnar verði gerðar upp með þessum hætti.

Málið er viðkvæmt og fór formaður fram á að stjórnarmenn sýni varkárni í umræðum um þetta mál og haldi trúnað í þeim efnum nema sem varðar upplýsingaskyldu til baklands. Málið getur haft áhrif á orðspor Fræðslusjóðs og framhaldsfræðslunnar. Halldór vísaði til bóknar í síðustu fundargerð, en sagðist samþykkja þessa leið, þó hann hefði kosið að leysa þessi mál með öðrum hætti.

4. **Næsti fundur tillaga 2., 10. og 24. maí**

Á næstu fundum þarf að taka fyrir uppgjörið í náms- og starfsráðgjöf, ársskýrslu, ársreikning, úthlutunarreglur og skilmála. Boðaðir verði fundir á eftirtöldum tímasetningum:

11. maí kl. 15:00

23. maí kl. 13:15 – 14:30

31. maí kl. 9:30

5. **Önnur mál**

a. **Fulltrúi í úthlutunarnefnd**

Fulltrúi sveitarfélaga í nefndinni hefur verið óvirkur. Sólveig sagði samningalotu hafa verið að ljúka og því verði væntanlega breytingar á í framhaldinu, en hún kannar stöðuna.

b. **Ársskýrsla 2015**

Drög að skýrslunni eru tilbúin að öðru leyti en því sem snýr að náms- og starfsráðgjöf. Stjórnarmenn óskuðu eftir að fá skýrsluna til yfirlstrar, þótt hún sé ekki endanleg.

Gudrun Sævarsdóttir  
Halla Þórunn  
Anna Guðmundsdóttir

Guðrún Sævarsdóttir

Sólveig Þórunn